



Drög að ályktun um lífeyrismál og miskunnarlaust óréttlæti vegna örorkubyrði í lífeyrissjóðum verkafólks

Tíunda þing Starfsgreinasambands Íslands mótmælir harðlega því grófa og miskunnarlausu óréttlæti sem íslensku verkafólki er sýnt í lífeyrismálum.

Nú vantar yfir **5,4 milljarða króna árlega** til að lífeyrissjóðir verkafólks standi jafnfætis öðrum sjóðum landsins hvað varðar jöfnun örorkubyrði. Framlag ríkisins til jöfnunar örorkubyrði var samið um árið 2005 til að tryggja jafna stöðu allra lífeyrissjóða. Ástæðan var augljós: örorkubyrði verkafólks, sem vinnur erfiðisvinnu, er margfalt meiri en í sjóðum þar sem félagsmenn starfa við léttari störf.

Þrátt fyrir þetta er núverandi framlag, **4,6 milljarðar**, langt frá því að duga – það þyrfti að vera **10,1 milljarður** til að ná meðaltali annarra sjóða.

Samkvæmt **fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar** á þetta framlag að falla niður að fullu árið 2026. Þá mun hallinn nema rúmum **10 milljörðum króna á ári** – fé sem tekið verður beint úr lífeyrisréttindum verkafólks.

Það sem SGS hefur árum saman bent á er nú staðfest af **Aurbjörgu, virtasta samanburðarvef landsins**:

- Félagar í verkamannasjóðum fá **allt að 20% lakari lífeyrisréttindi** en aðrir fyrir sömu iðgjaldagreiðslur.
- Mismunurinn jafngildir **85–116 þúsund krónum minna á mánuði** í ævilífeyri.
- Yfir meðalævi eftir 67 ára aldur getur það kostað verkafólk **20–25 milljónir króna eða meira í beinu tekjutapi**.

Þetta er ekkert annað en kerfisbundið óréttlæti sem grefur undan trausti á íslenska lífeyriskerfinu. Það sem kallað er „samtrygging“ er í raun ekkert annað en það að verkafólk er látið bera sína örorku eitt og sér, á meðan aðrir sjóðir hafa fengið marga milljarða úr ríkissjóði – þó þeir hafi hvorki þurft á því að halda né átt rétt á.

Heildarupphæðirnar sem runnið hafa úr ríkissjóði í þessa úthlutun nema um **70 milljörðum króna að nafnvirði eða tæpum 100 milljörðum á núvirði**. Þar af hafa um **25 milljarðar farið til sjóða sem aldrei áttu að fá eina krónu**. Þar á meðal eru opinberir sjóðir með ríkisábyrgð og jafnvel frjálsi lífeyrissjóðurinn sem greiðir að stærstum hluta út í séreign. Þetta er í beinni andstöðu við tilgang laganna frá 2005.

Þing SGS krefst þess að framvegis verði tryggt að framlag til jöfnunar á örorkubyrði dugi til að verkamannasjóðirnir standi jafnfætis öðrum sjóðum að meðaltali. **Allt samtal um „lagfæringu“ á**

kerfinu kemur ekki til greina fyrr en framlag til jöfnunar á örorkubyrði milli lífeyrissjóða hefur verið tryggt að fullu. Verði það ekki gert mun SGS krefjast þess að ríkið taki örorkuþáttinn alfarið yfir til sín.

Þing SGS mun beita öllum tiltækum ráðum til að berjast fyrir réttlæti til handa verkafólki og mun aldrei sætta sig við annað en að verkamannasjóðirnir standi jafnfætis öðrum sjóðum.

Við spyrjum: Ætlar ríkisstjórn sem kennir sig við réttlæti, félagshyggju og jafnaðarmennsku að viðhalda því að áfram verði nýðst á þeim sem höllustum fæti standa í íslensku samfélagi?